

Enska

8.-10. bekkur

Ensku kennsla í 8.-10. bekk í Hörðuvallaskóla tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá á þriðja stigi. Samkvæmt Aðalnámskrá skiptist enskan í eftirfarandi þætti: Hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni.

Hæfniviðmiðin úr Aðalnámskrá koma fram í fremsta dálkinum hér fyrir neðan.

Í kennsluáætlunum og verkefnum inni í Mentor sést hvað sett er á oddinn á hverju tímabili í árgöngum.

Formlegt lokamat fer aðeins fram í lok 10. bekkjar. Við lok 10. bekkjar eru nemendur metnir miðað við þau matsviðmið sem birt eru í Aðalnámskrá þar sem A hæfni, B hæfni og C hæfni hefur verið skilgreind í hverjum námsþætti. Í öðrum árgöngum fer formlegt lokamat ekki fram en fylgjast má með framvindu náms nemenda á hæfnikorti þeirra inni í Mentor.

Hlustun

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
Nemandi getur: Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt. Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr. Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.	Vinna aðalatriði uppúr ýmsum tegundum hlustunaræfinga eins og kynningum og frásögnum. Fylgjast með efni úr fjölmiðlum og vinna úr því og bregðast við því. Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum og unnið úr þeim.	Að leggja fyrir fjölbreytt hlustunarverkefni. Kynna sér fjölmiðla og segja frá og vinna úr efni í fjölmiðlum.	Kennslubækur og verkefnabækur. Hljóðbækur, fjölmiðlar, myndmiðlar, hljóðefni af netinu og úr smáforritum.

Lesskilningur

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu. Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt. Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.</p>	<p>Afla upplýsinga úr texta. Greint aðalatriði frá aukaatriðum. Lesa sér til fróðleiks rauntexa um efni sem tengist nemanda og unnið úr. Lesið sér til gagns og ánægju og tileinkað sér efni sem tengjast þeirra aldri og öðrum námsgreinum.</p>	<p>Fjölbreytt verkefni þar sem unnið er með upplýsingar og texta.</p>	<p>Kennslubækur og verkefnabækur. Smásögur, skáldsögur, tímarit, dagblöð. Efni af neti og úr smáforritum.</p>

Samskipti

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í. Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum. Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda</p>	<p>Taka þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn. Takast á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum. Færa rök fyrir máli sínu og taka þátt í skoðanaskiptum.</p>	<p>Leikir og samtalsæfingar. Upptökur á fjölbreyttum verkefnum er varða áhugategnd efni.</p>	<p>Kennslubækur og verkefnabækur. Hljóðbækur, fjölmiðlar, myndmiðlar, hljóðefni af netinu og úr smáforritum.</p>

Frásögn

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum. Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi. Samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.</p>	<p>Tjá sig um undirbúið og óundirbúið efni sem nemandi þekkir og segja skoðun sína og bregðast við spurningum. Flytja frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðlaust. Semja, æfa og flytja frumsamið efni.</p>	<p>Framsögn, kynningar og frumsamið efni.</p>	<p>Kennslubækur og verkefnabækur.</p>

Ritun

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Nemandi getur: Skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum. Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við. Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu. Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín.</p>	<p>Skrifa ýmsar gerðir af textum, formlega og óformlega og hafa lesanda í huga með skrifunum. Skrifa og bregðast við því sem lesið er og fylgja ákveðnu formi textagerðar þar sem við á. Tjá sig um skoðanir, tilfinningar og reynslu. Leika sér með málið og gefið sköpunargáfunni frjálsan tauminn.</p>	<p>Öðlast sjálfstraust til að geta notað málið á einfaldan hátt. Æfa sig að svara spurningum með heilum setningum og nýta sér fjölbreyttan orðaforða. Skrifa greinargerð og/eða ritgerð úr sögu að eigin vali. Skrifa um valin viðfangsefni s.s. áhugamál, íþróttir og málefni tengd nærumhverfi nemenda s.s. einelti, vináttu o.þ.h.</p>	<p>Kennslubækur og verkefnabækur. Hljóðbækur, ljóð, skáldefni, fjölmiðlar, myndmiðlar, hljóðefni af netinu og úr smáforritum.</p>

Menningarlæsi

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: 3. stig Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni. Sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma. Getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska.</p>	<p>Þekking á innri samfélagsgerð og fylgjast með því sem er efst á baugi hverju sinni. Þekking á fjölbreyttum uppruna þjóðfélagsþegna á ensku málsvæði. Þekking á staðalmyndum á afbrigðum tungumálsins. Þekking á helstu afbrigðum enskrar tungu.</p>	<p>Samþætt verkefni, hópvinna og þemavinna.</p>	<p>Kennslubækur og verkefnabækur. Hljóðbækur, fjölmiðlar, myndmiðlar, hljóðefni af netinu og úr smáforritum.</p>

Námshæfni

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur:</p> <p>3. stig</p> <p>Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.</p> <p>Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf.</p> <p>Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi.</p>	<p>Þekking og beiting á margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni.</p> <p>Þekking og beiting á sjálfsmati og jafningjamati og veitt sanngjarna endurgjöf.</p> <p>Nýta fyrrum reynslu til að skapa nýja þekkingu.</p> <p>Æfast í að vinna með öðrum, undir leiðsögn og taka tillit til skoðunar annarra.</p>	<p>Hópvinna, jafningjavinna, paravinna. Æfing í að meta sig og jafningja.</p> <p>Ýmsar ritunaræfingar þar sem tækifæri er til notkunar orðabóka, leiðréttingaforrita og fleira.</p>	<p>Kennslubækur og verkefnabækur. Hljóðbækur, fjölmiðlar, myndmiðlar, hljóðefni af netinu og úr smáforritum.</p> <p>Orðabækur og rit.</p>

<p>Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.</p> <p>Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.</p>	<p>Læra að nota helstu hjálpartæki eins og orðabækur, leiðréttingarforrit og fleira og umgangast þau af gagnrýni.</p>		
---	---	--	--